



Byggðastofnun

Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1987
komudagur 26.4.2012

Dagsetning
26.04.2012

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang þróunar, rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs og í málefnum haf- og strandsvæða, mál 60.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun hefur áður veitt umsögn um svipaða tillögu og ítrekar stuðning við málið, en vísar að öðru leyti til fyrri umsagnar dags. 8. apríl 2010.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1691
komudagur 12.4.2012


Reykjavík, 12.04.2012
Tilv. 90.13
JS/sdk

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang þróunar, rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs og í málefnum haf- og strandsvæða, 60. mál 140. löggj. þing 2011-2012

Vísað er í erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 11. apríl 2012 varðandi ofangreinda tillögu til þingsályktunar og erindi sama efnis dags. 30. mars 2010.

Sem fyrr tekur Hafrannsóknastofnunin undir þau sjónarmið tillögunnar að mikilvægt sé við stefnumótun í rannsóknum og kennslu, og málefnum háskóla landsins, að horfa til sérstöðu landshlutanna og möguleika í því sambandi. Einnig skal bent á vel heppnaða sérhæfingu í veiðarfæra- og fiskiatferlissrannsóknum sem átt hefur sér stað á útibúi stofnunarinnar á Ísafirði. Um leið skal áréttað að til þess að standast alþjóðlega samkeppni krefjast nútíma haf- og fiskirannsóknir yfirleitt verulegs sérhæfðs mannafla og samhæfingar á landsvísu, auk aðgangs að kostnaðarsömum skipakosti og margháttðri tækni og þjónustu.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is



Alþingi
Skrifstofa nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2009
komudagur 30.4.2012

Reykjavík, 24. apríl 2012
Tilvísun: HII2040040/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang þróunar, rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs, 60. mál.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dagsett 11. apríl 2012.

Farið hefur verið yfir þingsályktunartillöguna á vettvangi stjórnáslu háskólans. Almenn styður Háskóli Íslands aukna áherslu á rannsóknir og menntun og eflingu tengsla háskólastarfs og atvinnulífsins. Háskóli Íslands hefur byggt upp umfangsmikið net rannsóknarsetra vítt og breytt um landið á undangengnum áratug. Rannsóknarsetrin hafa það hlutverk að efla rannsóknir, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf, og auka möguleika almennings til menntunar. Reynslan af starfi rannsóknarsetrana hefur verið mjög góð. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum hefur verið starfrækt frá 2007. Þar er unnið umfangsmikið og vandað vísindastarf á margvíslegum sviðum. Megináhersla í rannsóknum setursins er á sviði líffræði og fornleifafræði, en þar eru jafnframt stundaðar rannsóknir á sviði ferðamála, samfélags og landafræða. Starfsemi rannsóknarsetrana hefur sýnt sig skila jákvæðum samfélagslegum áhrifum sem og mikilvægum vísindalegum árangri.

Reynsla Háskóla Íslands af rekstri rannsóknarsetrana bendir eindregið til gagnsemi uppbyggingar á rannsóknarstarfi sem víðast um landið. Almenn er þó mikilvægt að rannsóknarstarfsemi sé valin staðseting á grundvelli vísindalegra hagsmuna. Áherslur rannsóknarstarfs eru í stöðugri þróun. Takmörkun háskólastarfs við ákveðin landssvæði er ekki æskileg þar sem ekki má vinna gegn langtíma hagsmunum slíkrar starfsemi. Slík skilyrðing rannsóknaráherslu getur bæði takmarkað eðlilega þróun á áherslum rannsóknarstarfs á ólíkum stöðum, sem til kemur t.d. vegna breyttra atvinnuhátta, og unnið gegn vísindalegum hagsmunum, með því að takmarka tækifæri til samstarfs og samvinnu. Mikilvægast er að tryggja gæði þess vísindastarfs sem unnið er fremur en að binda inntak þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Háskóla Íslands

Þórunn Kristinsson
sviðsstjóri kennslusviðs



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1984
komudagur 26.4.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 26. apríl 2012

Tilv.: 1204040

Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri, HA, um *Tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang þróunar, rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs og í málefnum haf- og strandsvæða*, þskj. 60, 60. mál.

Umsögnina gerði Hreiðar Þór Valtýsson lektor í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri gerir fyrirvara við það að einn landshluti umfram aðra sé skilgreindur sem vettvangur kennslu eða rannsókna í sjávarútvegsfræðum. Sjávarútvegsfræði hafa verið kennd við HA í langan tíma og þó nafnið sé ekki lögverndað hefur það skapað hefð fyrir ákveðna menntun sem byggir á samblandi viðskiptagreina, raungreina og sérgreina sjávarútvegs. Væri því ekki réttara að skilgreina Akureyri sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum?

Sjávarútvegur er nokkuð sem allir Íslendingar eiga sameiginlegt. Ýmis uppbygging hefur átt sér stað víða um land tengd rannsóknum og menntun um hafið. Sem dæmi um það sem er að gerast utan Vestfjarða er rannsóknarklasinn í Vestmannaeyjum, Matarsmiðjan á Höfn, Hvalarannsóknarsetur á Húsavík, fiskeldisnám á Hólum, Selasetrið á Hvammstanga, Vör í Ólafsvík, Fisktækniskólinn í Grindavík og eflaust fleira.

Hvað gerist ef einn landshluti er valinn sem vettvangur sjávarútvegsfræða og –rannsókna, hvaða þýðingu hefur það fyrir aðra landshluta? Munu fjárveitingar til rannsókna og menntunar sem tengjast sjávarútvegi verða skornar niður þar? Munu þeir staðir ekki geta skilgreint sig sem vettvang rannsókna og kennslu í sjávarútvegi því að það er frátekið fyrir Vestfirði? Mun verða ómögulegt fyrir HA að fá sérstakar fjárveitingar vegna sjávarútvegsnámsins í framtíðinni (þetta er dýrt nám) eða jafnvel að útvíkka það ef fjárveitingar til skólans aukast á ný?

Aðilar á Vestfjörðum eiga lof skilið fyrir frumkvæði í ýmsum málum er tengjast rannsóknum og menntun í sjávarútvegi eins og vel kemur fram í tillögunni, en áhrif hennar á aðra landshluta, þar sem sjávarútvegur er einnig mikill, verður að skilgreina. Ofangreindum spurningum þarf því að svara áður en lengra er haldið. Stefnumótun af þessu tagi þarf líka að vinna í samvinnu allra aðila.

Bendi ég einnig á fyrri umsögn Háskólans á Akureyri um málið, (þskj. 122, 114. mál).

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor